

Opinbera deildin, skýrsla á aðalfundi 2026

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 4. febrúar í fyrra.

Ég vil í byrjun nefna að samkvæmt gildandi kjarasamningum hjá ríki og sveitarfélögum verða launahækkanir 1. apríl nk. Kaupfaxtar hækka þá um 3,5% en að lágmarki um 23.750.

Í lok janúar greiddi félagið út úr Félagsmannasjóði fyrir árið 2025 til félagsmanna sem starfa eftir samningi sveitarfélaga, samtals var upphæðin um 141 milljónir króna til 1.759 félaga. Forsenda þess að hægt sé að greiða úr sjóðnum er að Eining-Iðja hafi bankaupplýsingar þeirra sem eiga rétt á að fá greiðslu úr sjóðnum. Því miður vantar ennþá slíkar upplýsingar hjá nokkrum félagsmönnum eða þá að þær eru rangt skráðar og á því eftir að greiða viðkomandi úr sjóðnum. Þeir félagsmenn sem telja að þeir eigi rétt á greiðslum úr Félagsmannasjóði, en hafa ekki fengið, ættu því að fara inn á Mínar síður og skrá eða uppfæra bankaupplýsingar sínar. Ef viðkomandi félagsmenn eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum verða þær greiddar út á næstunni.

Athugið að ekki hefur verið tekin skattur af upphæðinni sem greidd er út til félagsmanna. Þessi upphæð kemur inn á skattframtal fyrir árið í ár en álagningin af henni kemur sjálfvirktil til greiðslu á næsta ári.

Mig langar að benda á mínar síður félagsins, mitt.ein.is, sem eru notendavænar, byggjast upp á persónu blaði félagsmanns sem veitir góða yfirsýn yfir stöðuna. Þar má m.a. finna yfirlit yfir félagsgjöld, sjá réttindi í sjóðum og hvernig þau hafa verið nýtt. Þar inni er einnig pantað eða sótt um og greitt fyrir orlofshús og sótt um fræðslustyrki, sjúkrastyrki og sjúkradagpeninga. Þá er hægt að skrá starfsstöð, senda inn fyrirspurn til félagsins eða stofna mál. Jafnframt er hægt að fylgjast með réttindaávinnslu og skilum atvinnurekenda á iðgjöldum. Ég hvet alla sem eiga eftir að fara þarna inn til að gera það og uppfæra ef þarf upplýsingar eins og símanúmer, netfang og bankaupplýsingar.

Frá og með 1. janúar sl. hækkuðu einstaklingsstyrkir fræðslusjóða félagsins úr 130.000 í 180.000 miðað við full réttindi. Uppsafnaður tveggja og þriggja ára réttur fyrir árin 2023-2025 verður áfram 130.000 á ári miðað við full réttindi. Hækkun í 180.000 á einungis við frá og með síðustu áramótum.

Ég vil minna á félagsmenn geta farið á fjölmörg námskeið sem í boði eru hjá SÍMEY sér að kostnaðarlausu. Ég bendi öllum áhugasömum að kíkja inn á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Vert er að minna á að félagið er ekki lengur með sérstaka vetrarleigu orlofshúsa. Inn á Mínum síðum er hægt að bóka og greiða fyrir orlofshús eða íbúð í um sex mánuði fram í tímann, fyrir utan tímabilið þegar sumarúthlutun er í gangi.

Þá vil ég segja frá nokkrum nýjungum varðandi orlofsmál hjá félaginu.

Nú er kominn sveigjanlegri leigutími í íbúðum félagsins á Höfuðborgarsvæðinu, en frá byrjun janúar hafa verið í boði dag- og helgarleigur, eins og verið hefur í orlofshúsum

félagsins. Á sumrin, um jól, áramót og páska verður eftir sem áður einungis vikuleigur í boði í öllum orlofskostum félagsins.

Búið er að taka nýjar íbúðir félagsins í Eirhöfða 7 í Reykjavík í gagnið, en á síðasta ári var ákveðið að selja fjórar íbúðir félagsins í Sóltúni og Ásholti og kaupa sex nýjar íbúðir í þeirra stað.

Við erum nú með átta orlofsíbúðir í boði fyrir félagsmenn á Höfuðborgarsvæðinu, þrjár í Álalind í Kópavogi og fimm í Eirhöfða í Reykjavík. Einnig eru þrjár sjúkraíbúðir í boði fyrir sunnan, tvær í Álalind og ein í Eirhöfða

Þá hefur félagið tekið á leigu íbúð á Spáni út nóvember á þessu ári. Íbúðin er á góðum stað í Playa Flamenca á Spáni, í lokuðum íbúðakjarna og samanstendur af tveimur svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, eldhúsi og stofu/borðstofu. Um er að ræða rólegt og vinsælt íbúðarhverfi við Costa Blanca-ströndinni á Spáni.

Inn á Mínum síðum geta félagsmenn fengið allar upplýsingar um íbúðina og bókað hana sex mánuði fram í tímann, líka yfir sumartímann þar sem hún verður ekki inn í úthlutunarkerfi sumarsins. Nú gildir reglan fyrstur bókar, fyrstur fær. Hægt er að leigja eina eða tvær samfelldar vikur og eru skiptidagar á þriðjudögum.

Allar upplýsingar um orlofskosti sumarsins verða aðgengilegar á heimasíðu félagsins í mars. Afram verður gott úrval sumarhúsa í boði og Orlof að eigin vali verður áfram í boði. Styrkurinn í ár verður 29.000 kr. og verða í boði 300 styrkir eins og áður. Sækja þarf um orlofshúsin og styrkinn í gegnum Mínar síður félagsins og verður umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Ef einhver þarf aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá verður hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Svona í lokin vil ég upplýsa að ég hef ákveðið að stíga til hliðar sem formaður deildarinnar, embætti sem ég hef gegnt frá aðalfundi 2021. Ég hef hafið störf sem leikskólakennari og er því farin að greiða í KÍ, ég er líka að greiða til félagsins en einungis úr tímavinnu og fannst því viðeigandi að einhver annar tæki við formannsstölnum.

Í fyrra var ég kjörin til tveggja ára og því þarf á eftir að kjósa í embættið til eins árs. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem ég hef starfað með í gegnum árin hjá félaginu fyrir ánægjulegt samstarf. Ég óska verðandi formanni og stjórn deildarinnar alls hins besta í áframhaldandi baráttu fyrir félagið og okkar félagsmenn.

Að lokum þakka ég Arnóri Sigmarssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.